



## Ný þjónusta fyrir fólk sem greint er með krabbamein og aðstandendur

Gunnjóna Una Guðmundsdóttir  
Félagsráðgjafi og verkefnisstjóri  
Krabbameinsfélag Íslands

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) tók formlega til starfa 15. nóvember 2007 og er ný þjónusta fyrir fólk sem greinist með krabbamein, aðstandendur þeirra og vini.

Tilgangur þjónustunnar er að veita þeim sem til hennar leita upplýsingar, ráðgjöf, viðtöl, andlegan og félagslegan stuðning og hvatningu. Markmið þjónustunnar er að mæta þörfum hvers og eins á hans forsendum.

Starfsemi Ráðgjafarþjónustunnar er margþætt. Hún felur í sér aðgang að föstu starfsfólki sem eru félagsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur. Einnig starfar sálfræðingur og fleiri fagaðilar sem verktakar á vegum þjónustunnar.

Vikulega eru opnir fundir þar sem fjallað er um hagnýtar upplýsingar fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og er þar fjallað um fjárhagsleg og félagsleg úrræði og endurhæfing eftir greiningu krabbameins kynnt.

Boðið er upp á einstaklingsviðtöl, þátttöku í sálrænni skyndihjálpi, kyrrðarstund og djúpslökun. Í boði eru ýmis námskeið og fyrirlestrar. Má þar nefna hugræna atferlismeðferð (HAM) gegn þunglyndi og kvíða og sjálfsstyrkingar- og ræðunámskeiðið (POWERtalk) þar sem fólk getur eflt samskiptahæfni sína. Haldin hafa verið matreiðslunámskeið, námskeið í listmeðferð og umræðufundur þar sem foreldrar fræða aðra foreldra um hvaða áhrif það getur haft á börn þegar foreldri þess greinist með krabbamein. Einnig hafa verið haldnir fjölmargir fræðslufyrirlestrar um umfang og eðli krabbameina, rannsóknir á krabbameinum og möguleg læknisfræðileg úrræði.

### Hópastarf stuðningshópa Krabbameinsfélagsins

Ráðgjafarþjónustan starfar í samvinnu við stuðningshópa og svæðafélög KÍ og svæðaskrifstofur KÍ um land allt. Stuðningshóparnir sinna jafningjafræðslu og hafa stuðningshópar á höfuðborgarsvæðinu aðsetur í húsnæði Ráðgjafarþjónustunnar og eru með viðveru á föstum tímum að degi til, námskeið og fundi á kvöldin og um helgar. Aðildarfélög KÍ á landsbyggðinni eru 23 og veita starfsmenn Ráðgjafarþjónustunnar fólki á landsbyggðinni þjónustu í gegnum síma og tölvupóst en fara einnig í heimsóknir með kynningar og fyrirlestra. Þjónustan er einnig hugsuð sem upplýsingaþjónusta og athvarf fyrir fólk utan af landi sem dvelur í íbúðum KÍ við Rauðarárstíg á meðan það er í krabbameinsmeðferð á Landspítalanum.

Ráðgjafarþjónusta KÍ er í heimilislegu húsnæði á fyrstu hæð í húsi KÍ að Skógarhlíð 8 og er opin virka daga kl. 09:00-16:00. Allir eru velkomnir og geta gestir nýtt sér aðgang að sérhæfðu bókasafni, tölvu og prentara. Krabbameinsráðgjöf er veitt í gjaldfrjálsum síma 800 4040. Ráðgjafarþjónustan er í samstarfi við Endurhæfingu eftir greiningu krabbameins B-1 Landspítala Fossvogi, Ljósið endurhæfingu og Doktor.is.

Ráðgjafarþjónusta KÍ er tilraunaverkefni til þriggja ára og er þjónustan veitt án endurgjalds. Starfsemi Ráðgjafarþjónustunnar hefur verið vel tekið þann stutta tíma sem hún hefur starfað og hefur aðsókn aukist jafnt og þétt. Nánari upplýsingar um þjónustuna má finna á [www.krabbi.is/rad](http://www.krabbi.is/rad)